

Sólrún Inga Traustadóttir
Erla Arnardóttir Eva Bryndís Ágústsdóttir
Heiðar Berg Hjartarson Lovísa A. Jónsdóttir
Margrét Helgadóttir Rósa Stefánsdóttir
Með viðbótum frá Angelos Parigoris og Sólveigu G. Beck

Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn

Áfangaskýrsla 2023



Reykjavík 2024
Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 234

Skýrslur Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafns.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir.

Ritstjórn: Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

© Háskóli Íslands

© Sólrún Inga Traustadóttir, Erla Arnardóttir, Eva Bryndís Ágústsdóttir, Heiðar Berg Hjartarsson, Lovísa A. Jónsdóttir, Margrét Helgadóttir, Rósa Stefánsdóttir, Angelos Parigoris og Sólveig G. Beck.

© Kortagerð: Eva Bryndís Ágústsdóttir og Lovísa A. Jónsdóttir.

Forsíðumynd: Unnið inni í og fyrir utan mannvirki 25. Mynd tekin með flygildi þann 25. maí 2023:

Sólrún Inga Traustadóttir.

Ljósmyndir í þessari skýrslu eru teknar af nemendum eða starfsfólki rannsóknarinnar, nema annað sé tekið fram í myndatexta.

Borgarsögusafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn

Reykjavík 2024

Öll réttindi áskilin

Grunnupplýsingar um rannsókn

Leyfisnúmer Minjastofnunar Íslands: 201606-0078

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns: 2023-17

Stutt lýsing rannsóknar: Fornleifarannsókn á bæjarstæði Árbæjar. Upphaf búsetu og þróun bæjarins frá öndverðu.

Tegund rannsóknar: Vísindarannsókn og nemendauppgröftur.

Staðsetning: Árbæjarsafn, Kistuhyl 4, 110 Reykjavík, Suðurland.


GPS hnit: A 362653 N 404777

Rannsóknartími: 4. maí - 2. júní 2023.

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir.

Fjöldi sérfræðinga: 6 fornleifafræðingar

Fjöldi nemenda: 10



Efnisyfirlit

Grunnupplýsingar um rannsókn.....	4
Myndaskrá.....	6
Inngangur	7
Fyrri rannsóknir	9
Fornar rætur Árbæjar - Vettvangsrannsókn 2023.....	11
Aðferðafræði	11
Uppgraftarsvæði A/C – Bæjarhóllinn	13
Bygging 22 – Eldhús?.....	14
Bygging 25.....	16
Uppgraftarsvæði B – Öskuhaugur.....	18
Fundasafnið 2023.....	20
Málmur.....	21
Leir.....	22
Gler	24
Steinn	26
Dýrabein.....	28
Gjall	29
Lífrænir og samsettir gripir.....	30
Sýni	31
Eyða í fundasafninu	31
Miðlun rannsóknar	33
A Brief English Summary	35
Heimildaskrá.....	36
Viðauki I – Kort	37
Viðauki II – Flæðirit (Harris Matrix).....	40
Viðauki III – Einingaskrá.....	42
Viðauki IV – Ljósmyndaskrá	46
Viðauki V – Sýnaskrá.....	56
Viðauki VI - Fundaskrá.....	57

Myndaskrá

Mynd 1. Nemendur ásamt leiðbeinendum rannsóknarinnar, vorið 2023. Á myndina vantar Jóhönnu V. Guðmundsdóttur.	8
Mynd 2. Nemendur að teikna snið á svæði A/C.	11
Mynd 3. Samanburðar- loftmynd frá árinu 2022 (hægri) og 2023 (vinstri). Á myndinni til hægri sést hvernig steinarnir úr 20.aldar hlöðunni, [5], skáru sig í gegnum uppgraftarsvæðið. Á myndinni vinstra megin er búið að fjarlægja hlöðugrunninn og mannvirki [22] og [25] komin betur í ljós.	13
Mynd 4. Verið að fjarlægja útveggi gömlu hlöðunnar. Torf var lagt yfir svæðið til að verja það á meðan steinum var velt yfir. Steinaröðin í forgrunni ljósmyndarinnar var einnig fjarlægð.	13
Mynd 5. Móaska/bruni in situ [26774] lengst til vinstri á mynd sem gengur áfram inn undir vestursniðið á uppgraftarsvæðinu. Örin vísar í norður.	14
Mynd 6. Yfirlistmynd af byggingu [22] og torfveggjum sem tengjast henni. Töluvert rask hefur átt sér stað í seinni tíð, m.a. lagnaskurður, fánastöng, hlaða og að lokum könnunarskurður 7 (lengst til vinstri á mynd).	15
Mynd 7. Loftmynd af byggingu 25. Upp er suðaustur á myndinni.	17
Mynd 8. Kort af jarðlögum á svæði A/C með loftmynd af svæðinu undir. Unnið af Lovísu A. Jónsdóttur, nemanda, í qGIS.	17
Mynd 9. Yfirlitsmynd af öskuhaug, grjótfylling [27060] sést efst í vinstra horni. Rafmagnslína liggur þvert yfir svæðið vestast (til hægri á mynd). Horft til SSV.	18
Mynd 10. Niðurgroftur <27200> og grjótfylling [27060] í suðausturhorni öskuhaugs. Horft í suðvestur.	19
Mynd 11. Kort af mannvistarlögum sem voru grafin á svæði B árið 2023. Unnið í qGIS af Evu Bryndísi Ágústsdóttur, nemanda í fornleifafræði.	19
Mynd 12. Súlurit sem sýnir skiptingu fundanúmera eftir efnisflokkum.	20
Mynd 13. Skífurit sem sýnir fjölda fundanúmera eftir uppgraftarsvæðum. A hér á skífuritinu á við svæði AC.	21
Mynd 14. Mögulegt gluggajám/krækja sem fannst í jarðlagi [26322] á svæði A/C.	22
Mynd 15. Eins eyringur frá árinu 1939 sem fannst við yfirborðshreinsun á svæði B.	22
Mynd 16. Merki á hæl kritarpípu (2023-17-136) af svæði A/C.	23
Mynd 17. Leirkersbrot úr rauðleir úr ílátum sem hafa verið glerjuð að innan, með mismiklum eldsummerkjum. Þau fundust í jarðlagi [25481] á svæði B.	23
Mynd 18. Glerbrot sem fundust við yfirborðshreinsun á svæði A/C. Brotin eru líklega ekki af sömu flöskunni. Á stærsta brotinu má greina orðið „ØL“	24
Mynd 19. Flöskur með áletruninni KG á botnum ásamt skjaldamerki umhverfis stafina. Sama gerð og flaskan sem fannst á svæði B (brotið fyrir miðri mynd). Mynd fengin af vefsíðunni: Flaskesamler.dk.	25
Mynd 20. Skaftkola sem fannst á svæði A/C í mannvirki [25] og er frá miðöldum. Stærri hluti kolunnar var þurrburstaður en minni var þrifinn með vatni, sem útskýrir litamun.	26
Mynd 21. Unninn, mjúkur steinn með gati.	27
Mynd 22. Annað af tveimur lóðum sem fannst í jarðlagi [25481] í öskuhaugnum.	28
Mynd 23. Brennd dýrabein úr lagi [25481] í öskuhaugnum.	28
Mynd 24. Hluti úr kjálka og tennur úr stórgrip, fannst við yfirborðshreinsun á svæði B.	28
Mynd 25. Afldella 2023-17-169 sem fannst í byggingu [25].	29
Mynd 26. Hnífur með skreyttu beinskafti sem fannst í jarðlagi [25481] á svæði B. Áður hefur samskonar hnífur fundist í öskuhaugnum.	30
Mynd 27. Viðarskaft með málmkúlu á endanum, sennilega skeið. Fannst í grjótfyllingu á svæði B.	31
Mynd 28. Lítið viðarbrot úr borðbúnaði sem fannst í jarðlagi [25481] á svæði B.	31
Mynd 29: Sigtað á svæði B. Horft til vesturs.	32
Mynd 30. Sólrún Inga ræðir við Guðmund Pálsson hjá RÚV um Fornar rætur Árbæjar.	33
Mynd 31. Sólrún Inga Traustadóttir sýnir gestum gripi sem fundist hafa við rannsóknina Fornar rætur Árbæjar þann 14. júní 2023. Ljósmyndari: Guðbrandur Benediktsson.	34

Inngangur

Fornleifarannsóknin *Fornar rætur Árbæjar* hófst árið 2016 og er á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur í samstarfi við námsbraut í fornleifafræði, jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og rannsóknin hefur hlotið styrk úr fornminjasjóði frá árinu 2017. Helstu markmið rannsóknarinnar eru að varpa ljósi á búsetusögu og þróun Árbæjar og að miðla rannsóknum og niðurstöðum þeirra til safngesta og almennings. Leyfishafi rannsóknar er Sólrún Inga Traustadóttir, fornleifafræðingur og stundakennari við Háskóla Íslands.

Sumarið 2023 fór fram fornleifarannsókn á bæjarstæði Árbæjar dagana 4. maí til 2. júní og var uppgröfturinn liður í námskeiðinu *Fornleifarannsókn á vettvangi* (FOR406G) sem kennt er við Háskóla Íslands. Leiðbeinendur við uppgröftinn voru fornleifafræðingarnir Sólrún Inga Traustadóttir, dr. Angelos Parigoris og Hulda Björk Guðmundsdóttir. Margrét Björk Magnúsdóttir, fornleifafræðingur á Borgarsögusafni, hafði umsjón með hreinsun, pökkun og skráningu gripa í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, auk þess að kenna nemendum fornleifaskráningu. Sigríður Þorgeirsdóttir, forvörður á Þjóðminjasafni Íslands fræddi nemendur um forvörslu og pökkun gripa við vettvangsrannsókn. Hún er einnig forvörður rannsóknarinnar og veitir ráðgjöf í tengslum við meðhöndlun á fundasafninu. Þá var einnig gerð fleyting á sýnum í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands ses. Umsjón og kennsla við fleytingu: Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, fornleifafræðingur.

Níu nemendur tóku þátt í vettvangsnámskeiðinu, þau Árelía B. Hilmarsdóttir, Camille M. Lampin, Erla Arnardóttir, Heiðar B. Hjartarson, Hugi H. Ómarsson, Lovísa A. Jónsdóttir, Margrét Helgadóttir, Rósa Stefánsdóttir og Unndís Ýr Unnsteinsdóttir. Auk þeirra tóku þátt í uppgreftinum í þrjá daga Ásta Hermannsdóttir, deildarstjóri fornleifadeildar hjá Byggðasafni Skagfirðinga, og Ylfa Leifsdóttir, MA nemi í fornleifafræði og starfsmaður hjá Byggðasafninu.

Úrvinnsla og skráning gagna fór fram haustið 2023 og var liður af námskeiðinu *Aðferðafræði II* (FOR202G) en aðal umsjónarmaður námskeiðsins var dr. Angelos Parigoris. Aðrir leiðbeinendur voru Sólrún Inga Traustadóttir og Margrét Valmundsdóttir en alls tóku átta nemendur þátt í námskeiðinu. Dr. Sólveig Guðmundsdóttir Beck tegundagreindi steina og gjall Dr. Gavin Lucas vinnur að greiningum á fundasafni þegar þessi skýrsla er skrifuð og munu niðurstöður hans birtast síðar. Einnig skordýragreiningar Hrannar Konráðsdóttur sem unnar voru á fyrri hluta árs 2023.



Mynd 1. Nemendur ásamt leiðbeinendum rannsóknarinnar, vorið 2023. Á myndina vantar Jóhönnu V. Guðmundsdóttur.

Maímánuður þetta árið var ekki góður veðurlega séð og rigndi nánast á hverjum degi á meðan á námskeiðinu stóð. Þetta hafði mikil áhrif á framgang rannsóknarinnar og tafði uppgröftinn svo ekki sé meira sagt. Við slíkar krefjandi aðstæður þarf stundum að leyfa jarðlögnum að jafna sig og var m.a. farið í heimsókn í varðveisluhús Þjóðminjasafns Íslands í Hafnarfirði þar sem fornleifafraeðingarnir, Ármann Guðmundsson og Hrönn Konráðsdóttir, tóku vel á móti hópnum. Þar fengu nemendur kynningu á safnastarfinu og glæsilegur safnkostur þess skoðaður.

Aðstandendur rannsóknarinnar þakka innilega öllum þeim sem tóku þátt árið 2023 fyrir framlag þeirra til rannsóknarinnar, fornminjanefnd og Minjastofnun Íslands fyrir góðan styrk úr fornminjasjóði.

Fyrri rannsóknir

Sumarið 2015 fundust mannvistarlög við endurnýjun á drenlögnum við Árbæ. Drengurinn var um metri á breidd og tveir metrar á dýpt, og um 30 metrar á lengd. Framkvæmdin leiddi í ljós allt að tveggja metra þykk mannvistarlög og var talið að þau teygðu sig um 14 metra suðaustur frá bænum. Greina mátti að mannvistarlögin lágu bæði yfir og undir gjóskulagi frá árinu 1500 (Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir, 2015).

Sumarið 2016 hófst fornleifarannsóknin Fornar rætur Árbæjar formlega og voru þá grafir fimm könnunarskurðir og fundust mannvistarleifar frá mismunandi tímabilum í þeim öllum. Í einum þeirra komu í ljós mannvirki sem voru eldri en frá árinu 1226. Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur, greindi gjóskulög í sniði hans og greindi m.a. Miðaldalagið frá 1226 in situ og fyrir neðan það var að finna hlaðinn torfvegg með landnámsgjósku (Sólrun Inga Traustadóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir, 2017).

Sumarið 2017 var svæði A opnað og var það 6 x 8 metrar að stærð. Einnig voru tekin borkjarnasýni á svæðinu, þar á meðal í hól vestan við bæjarstæðið en grunur lék á að þar væri öskuhaugur. Borkjarnasýni staðfestu það og hægt var að greina gjóskulagið K~1500 undir haugnum. Það var því ljóst að hann hefur komið til eftir eldgosið í Kötlu um árið 1500. Um sumarið komu tvö ný mannvirki í ljós á svæði A og voru grafir upp mannvistarlög frá fyrri hluta 20. aldar til 16. aldar (Sólrun Inga Traustadóttir, 2018).

Sumarið 2018 var fyrsta sinn sem vettvangsnámskeiði í fornleifafræði við Háskóla Íslands fór fram á Árbæjarsafni og hófst þá samstarf á milli Borgarsögusafns Reykjavíkur og Háskóla Íslands um að kennsla færi fram þar næstu árin. Alls tóku 11 nemendur þátt í námskeiðinu. Uppgriftarsvæði A var stækkað 2 metra til suðurs og 4 metra til austurs og varð því 10 x 10 metrar og opnað var nýtt svæði á öskuhaugnum 6 x 9 metrar norðvestan við smiðjuna. Í sniði á nútímaskurði á svæði A kom í ljós lítið eldstæði sem var í notkun fyrir árið 1226, en ofan á því mátti sjá torfhrun með landnámsgjósku. Það ár voru einnig gerðar jarðsjármælingar á um 725 fermetra svæði (Sólrun Inga Traustadóttir et al, 2019).

Sumarið 2019 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B ásamt því að jarðsjármælingum var haldið áfram. Á svæði A var lögð áhersla á austurhluta svæðisins þar sem yngri mannvistarlög var að finna en það helsta sem kom í ljós voru 12 stoðarholur eftir timbursvið sem stóð þar á 20. öld

við hátíðarhöld á Árbæjarsafni. Einnig kom í ljós torfveggur í sniði í einum lagnaskurðanna, um var að ræða strengjatorf sem innihélt einungis gjósku frá árinu 1226, en þessi samsetning af torfvegg hafði ekki fundist áður á svæðinu. Á svæði B var komið niður á óhreyfðan jarðveg á norðurhluta svæðisins og því komið niður að botni öskuhaugsins, en þó eru eftir þykk ruslalög í austur og suðurhluta uppgriftarsvæðisins (Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2020).

Sumarið 2020 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B. Svæði A var stækkað um 1.5 metra til suðurs og 0.7 metra til vesturs. Einnig voru grafnir tveir könnunarskurðir við bæjarhúsin, nr. 6 og 7 til að sannreyna niðurstöður jarðsjármælinga fyrri ára. Í skurði nr. 7 kom í ljós torfbygging, sennilegast byggð eftir árið 1500, drenlög og grjót úr hlöðu frá 19. -20 öld (Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2021). Nánar um niðurstöður og samanburð á mælingagögnum er að finna í MA ritgerð eftir Ómar Val Jónasson: *Penetrating the Ancient Roots. The excavation of two new test trenches, and a comparison to ground penetrating radar data at Árbær.*

Sumarið 2021 var haldið áfram að grafa á svæðum A og B og opnað nýtt svæði sem var kallað svæði C, var það 3.7 x 7 metrar að stærð. Svæði A var stækkað 4 x 6,3 metra til norðvesturs en austasta hluta svæðisins var lokað. Á svæði C komu í ljós leifar af dreni, grjóthleðslur og veglegur torfveggur með K~1500 gjóskunni í (sá sami og sást í sniði á dremskurði við framkvæmdarannsóknina árið 2015). Á stækkuðu svæði A var grjótveggur á gömlu hlöðunni og fylling í grunni hennar skráður og fjarlægður að hluta. Þar sást einnig móta fyrir eldri torfvegg. Auk þess fóru fram sérgreiningar á fundasafni rannsóknarinnar og hægt er að lesa um niðurstöður þeirra í áfangaskýrslu rannsóknarinnar fyrir árið 2021 (Sólrún Traustadóttir et al, 2022).

Sumarið 2022 voru svæði A og C sameinuð í eitt svæði, A/C, og svæði B var stækkað til austur um 5x5 metra. Grafið var á báðum svæðum auk þess sem 71 borkjarnar voru teknir á þremur stöðum á safnasvæðinu; í meinta fjárhúsatóft norðaustan við Klepp, eitt safnhúsanna, þar bentu niðurstöður til þess að tóftin sé eldri en frá árinu 1500; í matjurtagarð sunnan megin við bæjarhús Árbæjar og fundust þar leifar af öskuhaug sem er talin vera samtíða öskuhaugnum á B svæði auk mögulegra leifa af landnámstorfi í tveimur samliggjandi sýnum; við uppistandandi fjárhús um 80m í austur frá bæjarhúsum Árbæjar þar sem niðurstöður bentu til mannvistarlaga með gjósku frá um 1500. Uppgröftur á svæði A/C leiddi í ljós mannvirki byggt eftir 1226 og fyrir árið 1550 út frá staðsetningu gjóskulaga. Vonast var eftir að um væri að ræða íveruhús, en það á enn eftir að staðfesta. Á svæði B var uppgrefti lokið á vestanverðu svæðinu þegar komið var niður á

náttúrulegan jarðveg og það staðfest með könnunarskurði. Því var áherslan á nýopnaða svæðið austan megin þar sem fjöldi gripa fannst. (Sólrun Traustadóttir et al, 2023).

Fornar rætur Árbæjar - Vettvangsrannsókn 2023

Sumarið 2023 hófst fornleifauppgröftur á bæjarstæði Árbæjar þann 4. maí og stóð hann yfir til 2. júní. Grafið var áfram á sömu svæðum og áður, svæði A/C á bæjarhólnum og B þar sem 16. - 20. aldar öskuhaugur bæjarins er staðsettur.

Aðferðafræði

Einingaaðferð (*e. single context method*) var notuð við uppgröftinn á báðum svæðum. Með þessari aðferðafræði verða til góð og ítarleg gögn um hvert jarðlag og hvern stein sem fjarlægð eru við uppgröft. Auk þess sem þessi aðferð gerir rannsakendum kleift að skrá fundarstaði og samhengi gripa ítarlega. Einingaaðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er skráð sem stök eining, hvort sem um er að ræða jarðlag, byggingarhluta, holu, skurð o.s.frv. Öll jarðlög á báðum svæðum voru handgráfin með múrskleið og allur jarðvegur af svæði B var sigtaður með 7 mm sigti, ásamt rusla-, móösku- og góflögum frá svæði A/C. Hverri einingu fyrir sig er lýst á skráningarblaði, hún er mæld upp með TopCon alstöð (skv. hnitakerfi ISN93) og ljósmynduð. Allar ljósmyndir teknar á vettvangi eru skráðar í ljósmyndaskrá. Einnig var notað flygildi til þess að taka reglulega



Mynd 2. Nemendur að teikna snið á svæði A/C.

loftmyndir af uppgraftarsvæðinu og gert var þrívíddarlíkan af byggingu 25 með iPhone 14 Pro í forritinu Scaniverse. Mælingum úr alstöð var hlaðið niður á hverjum degi í gagnagrunninn Intrasis sem heldur utan um öll gögn sem viðkoma fornleifarannsókninni. Suðvestursnið á svæði A/C var handteiknað og fengu nemendur með því góða æfingu í teikningu sniða. Forrit sem voru notuð við úrvinnslu gagna eru Intrasis, qGIS, Harris Matrix Composer, yEd Graph Editor, Microsoft Excel og Microsoft Word.

Öllum gripum var gefið safnnúmer og gengið var frá gripum og þeim pakkað samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar og Þjóðminjasafns: [Leiðbeiningar um viðurkennt verklag. Umhirða fornleifafræðilegra gagnasafna](#). Allir gripir voru hreinsaðir, mældir, ljósmyndaðir og skráðir í menningarsögulega gagnagrunninn Sarp (sarpur.is). Grisjunarstefna rannsóknarinnar er almennt sú að allt sem telst til fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er tekið til varðveislu. Gripir sem ekki falla undir þá skilgreiningu voru grísaðir eða notaðir við miðlun rannsóknarinnar. Allir gripir eru þó ávallt myndaðir vandlega áður og því eru ljósmyndir af þeim hluti af gagnasafni rannsóknarinnar.

Uppgreftinum lauk þann 2. júní og var þá svæðunum lokað með plasti og nýjum torfþökum. Auk þess voru lagðar torfur á gras í kring um svæði A/C þar sem djúp för eftir traktor höfðu myndast. Ekki var tyrft yfir tvær byggingar á svæði A/C fyrr en eftir leiðsögn þann 14. júní 2023.

Uppgriftarsvæði A/C – Bæjarhóllinn

Uppgriftarsvæði A/C er staðsett beint við austurgafli Árbæjar. Svæðið hefur að geyma mannvistarlög og byggingar sem að tilheyra mörgum mismunandi búsetustigum Árbæjar. Í ár var stórum áfanga náð þegar síðustu hleðslusteinar úr grunni gömlu hlöðunnar, [5], voru fjarlægðir með gröfu og handafla þann 24. maí 2023 (sjá Mynd 4). Hlaðan, sem var niðurgrafin, raskaði m.a. byggingum [22] og [25]. Í ár var áhersla lögð á þessar tvær byggingar sem þó eru frá mismunandi tímabilum og greint verður frá hér.




Mynd 3. Samanburðar- loftmynd frá árinu 2022 (hægri) og 2023 (vinstri). Á myndinni til hægri sést hvernig steinarnir úr 20.aldar hlöðunni, [5], skáru sig í gegnum uppgriftarsvæðið. Á myndinni vinstra megin er búið að fjarlægja hlöðugrunninn og mannvirki [22] og [25] komin betur í ljós.



Mynd 4. Verið að fjarlægja útveggi gömlu hlöðunnar. Torf var lagt yfir svæðið til að verja það á meðan steinum var velt yfir. Steinaröðin í forgrunni ljósmyndarinnar var einnig fjarlægð.

Bygging 22 – Eldhús?

Bygging [22] er staðsett í suðvestur horni á svæði A/C og nær hún nánast alla leið í norðvesturhorn svæðisins. Töluvert af fiskbeinum voru fjarlægð innan úr byggingunni árið 2022 en talið er að þangað hafi beinum og ösku úr eldstæði/hlóðum verið hent þegar að byggingin fór úr notkun. (Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2022). Í ár voru fjarlægð nokkur jarðlög sem tilheyrðu byggingunni og samanstóðu af gólfögum, móösku og torfi. Út frá einkennum og legu gólfлага er ljóst að eldstæði/hlóðir hafa verið í byggingunni, staðsett vestar, fyrir utan núverandi uppgraftarsvæði og því annaðhvort undir bæjarhúsunum eða undir dreni við austurgafli húsanna. Það er þó ekki útilokað að eldstæðið komi í ljós þegar dýpra verður grafið inni í húsinu á næsta uppgrافتar misseri. Móöskulag [26774] (sjá Mynd 5) er góð vísbending um að eldstæði sé í grennd. Lagið var smjörkennt og frekar einsleitt en með einum ljósgulum bletti og brenndum beinum. Í því fannst mögulegur lykili (2023-17-223), ásamt tveimur nöglum (2023-17-106 og 154) og ró (2023-17-149). Auk þessa gripa fundust naglar, járnkrókur og flinta í gólfögum byggingarinnar.



Mynd 5. Móaska/bruni in situ [26774] lengst til vinstri á mynd sem gengur áfram inn undir vestursniðið á uppgraftarsvæðinu. Örin vísar í norður.

Torfveggir í byggingunni eru a.m.k. þrenns konar og má áætla að hún hafi tekið breytingum í gegnum tíðina og veggir lagfærðir, rýmið minnkað og stækkað eftir þörfum. Gólfhlöturinn er um 2 x 2 m en þar sem gólfhlögin halda áfram í vestursniði má ætla að innra mál byggingarinnar sé lengra í þá átt. Krítarpípuhaus (2023-17-51), fannst inni í byggingunni en ómögulegt er að segja úr hvaða jarðlagi hann kom eða hvort hann hafi dottið úr sniðinu. Krítarpípur eru ekki algengar fyrir en eftir 17. öld á Íslandi eftir að fjöldaframleiðsla hófst í heiminum (Jakob Orri Jónsson, 2021). Á þessu stigi málsins er talið að byggingin hafi þjónað hlutverki eldhúss fyrir íbúa Árbæjar og var það í notkun einhverntímann á tímabilinu 16.-18. öld. Bygginguna á þó eftir að fullgrafa og því ekki öll kurl komin til grafar um aldur hennar og hlutverk.



Mynd 6. Yfirlistmynd af byggingu [22] og torfveggjum sem tengjast henni. Töluvert rask hefur átt sér stað í seinni tíð, m.a. lagnaskurður, fánastöng, hlaða og að lokum könnunarskurður 7 (lengst til vinstri á mynd).

Bygging 25


Bygging [25] er staðsett fyrir miðju svæðis A/C og gengur hún undir uppistandandi bæjarhús á bæjarhólnum til suðurs. Byggingin er undir K~1500 að hluta til, austanmegin, þar sem hlaðan [5] raskaði ekki jarðlagasamhengi. Mikil og þétt torfhrun voru fjarlægð innan úr byggingunni auk móöskulags [25973] sem virðast hafa verið hent inn í bygginguna frekar en að um eiginlegt gólflag sé að ræða. Í móöskunni fannst lítil skaft kola (2023-17-129) í tveimur bútum úr ljósgrænum steini, sennilega úr "Esjubergi", (sjá Mynd 20). Í einu torfhruninu, [26249], fannst afdella (botngjall), (2023-17-169) úr afli í smiðju (sjá nánar umfjöllun í gripakafli). Byggingin er frá miðöldum (13.-15. öld) en gjóskulög sýna að hún var byggð eftir 1226 en fyrir árið 1500 (Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2022). Það á eftir að ráða endanlega úr um hlutverk hennar og þrátt fyrir að afdellan hafi fundist innan hennar er ekkert annað sem gæti bent til þess að um sé að ræða smiðju. Hins vegar hafa fundist ummerki um járnvinnslu frá svipuðu tímabili, um tveimur metrum suðaustan við bygginguna, (sjá nánar áfangaskýrslu 2020, útg. 2021). Engin eiginleg gólflög voru að finna í byggingunni sem bendir til þess að húsið hafi verið nýtt sem íveruhús. Innramál hennar, frá norðvesturhorni að norðausturhorni, er 3,8 metrar. Frá norðausturhorni að suðausturhorni er hún að lágmarki 3,2 metrar, en ekki er hægt að fá nánari mælingu á því þar sem suðurhornið er mikið raskað af nútíma lagnaskurði. Ef gert er ráð fyrir því að byggingin hafi upphaflega verið með jafnlanga vegg má ætla að hún hafi verið 14,44 m² og um helmingur hennar sé sýnilegur á uppgraftarsvæðinu.

Meðfram austurvegg byggingar [25], á NA horni fannst kolalag með vel varðveittum viðarkolalurkum ásamt nokkuð af járngrípum, s.s. nöglum. Auk þess eru óljósar vísbendingar eru um aðra byggingu fyrir norðan byggingu [25] en það verður skoðað nánar síðar.



Mynd 8. Loftmynd af byggingu 25. Upp er suðaustur á myndinni.

Uppgriftarsvæði A/C



Mynd 7. Kort af jarðlögum á svæði A/C með loftmynd af svæðinu undir. Unnið af Lovísu A. Jónsdóttur, nemandi, í qGIS.

Uppgraftarsvæði B – Öskuhaugur



Mynd 9. Yfirlitsmynd af öskuhaug, grjótfylling [27060] sést efst í vinstra horni. Rafmagnslína liggur þvert yfir svæðið vestast (til hægri á mynd). Horft til SSV.

Í öskuhaugnum var lögð áhersla á nýstækkaða svæðið, beint norðan við smiðjuna. Haugurinn einkenndist af rusla- og móöskulögum, líkt og áður, en níu slík mannvistarlög voru grafin í ár. Þau eru gjarnan keimlík að lit, áferð og þéttleika og því erfitt að greina einhverjar breytingar á þeim. Einstaka torfblendingar og foklög er að finna inn á milli móöskulaga.


Alls eru skráð 162 fundanúmer á svæði B og eru gripirnir frá 18. - 20.öld; postulín, glerbrot, leirker, krítarpípur, hnífar, naglar og dýrabein. Einnig fundust skeifur, kopargripir, öngull, lóð og mynt frá árinu 1939.

Í suðaustur horni uppgraftarsvæðisins kom í ljós niðurgröftur <27200> með grjótfyllingu [27060], (Mynd 10). Í fyllingunni fundust glerbrot og viðarskaft með málmkúlu á enda, mögulega skeið. Sennilega er um að ræða leifar af mannvirki sem hefur verið staðsett þar sem smiðjan var byggð um 1960-63 á safnasvæðinu og gæti verið leifar af skemmu/geymslu eða útihúsi frá ca. 19. öld.



Mynd 10. Niðurgröftur <27200> og grjótfylling [27060] í suðausturhorni öskuhaugs. Horft í suðvestur.

Uppgraftarsvæði B




Mynd 11. Kort af mannvistarlögum sem voru grafin á svæði B árið 2023. Unnið í qGIS af Evu Bryndísi Ágústsdóttur, nemanda í fornleifafræði.

Fundasafnið 2023

Alls voru 227 fundir skráðir í fundaskrá í Sarp, menningarsögulegt gagnasafn. Þar af eru 162 fundanúmer skráð á svæði B og 65 á svæði A/C. Nokkrir fundanna eru magnfundir, en þá eru sömu gripir úr sama jarðlagi skráðir undir eitt númer, eins og t.d. naglar, glerbrot og dýrabein. Stærsti efnisflokkurinn er *málmur* að vanda, sem er um 43% af heildarfjölda gripa. Innan þessa flokks er *járn* algengast. Næst algengast eru *dýrabein*, 19%, og þar á eftir kemur *leir* sem er tæplega 17%. Flestir gripirnir eru í góðu eða sæmilegu ástandi. Auk þess voru tekin 21 sýni sem voru skráð með sama hætti.


Gjall er almennt skráð sem sýni, en um er að ræða mikið magn af hroða sem myndast við brennslu á mó, t.d. í eldstæðum, en gjall getur einnig myndast við járnvinnslu. Fimm svokallaðar gjallkökur voru skráðar sem gripir, en þær eru taldar vera afdellur, s.s. botngjall úr járnvinnslu. Í þessum kafla verður fjallað um helstu efnisflokkana. Sérfræðigreining á gjalli og stein var gerð af Dr. Sólveigu G. Beck og byggir umfjöllun á þessum tveimur efnisflokkum á hennar greiningu.



Mynd 12. Súrlurir sem sýnir skiptingu fundanúmera eftir efnisflokkum.

Þess ber að geta að Dr. Gavin Lucas vinnur að sérgreiningum á öllu fundasafninu, líkt og áður, en þeim var ekki lokið þegar þessi skýrsla var gefin út og munu greiningar hans birtast síðar í næstu áfangaskýrslu, eða sem sér skýrsla.

Flestir gripir fundust á svæði B, enda er þar um öskuhaug að ræða, fjöldi gripa er þó töluvert minni en árið 2022. Þá var svæðið stækkað um 5 x 5 m til austurs en í ár erum við komin neðar í hauginn, niður úr röskuðum yfirborðslögum sem skýrir þennan mismun á fjölda gripa. Einnig var grafið aðeins minna á svæðinu í ár. Á Mynd 13 má sjá hlutfallslega skiptingu gripa á milli svæða.



Mynd 13. Skífurit sem sýnir fjölda fundanúmera eftir uppgriftarsvæðum. A hér á skífuritinu á við svæði AC.

Málmur

Alls voru skráð 98 fundanúmer undir efnisflokknum málmur og var langmest af járngrípum, eða 81 talsins. Um 71% af öllum járngrípum fundust á svæði B en auk þess var járn líka algengast á svæði A/C eða um 42% allra gripa. Naglar af ýmsum gerðum eru í meirihluta, en þeir eru margir skráðir sem magnfundir, einnig er mikið af óþekktum járnbrotum. Það fundust meðal annars skeifur, hnífar, krókar, lykill, hurðajárn og gluggajárn (Mynd 14), keðjur, boltar, rær og kengur. Næst algengasta málmtegundin var kopar, skráð á 15 fundanúmer. Aðallega eru þetta koparplötur,

þynnur og bókarspennsl, en einnig fannst ein kopar bjalla. Það getur reynst erfitt að aldursgreina málmgripi án samanburðar. Það fannst þó einn gripur sem auðvelt er að aldursgreina, en það var mynt, (2023-17-103), með ártalinu 1939. Myntin fannst við yfirborðshreinsun á svæði B. Þessi gerð er íslensk mynt og samkvæmt heimildum er hægt að leiða líkur á því að hún sé úr bronsi (Numista, n.d.), slegin í Danmörku. Á framhliðinni stendur „1 ÍSLAND EYRIR“ en á bakhliðinni stendur „KONUNGUR ÍSLANDS“ ásamt bókstafnum C með lítið x í miðjunni (Mynd 15). Bókstafirnir standa fyrir Christian hinn Tíunda, þáverandi konung Danmerkur og Íslands frá árunum 1912 til 1944/7. Þessi mynt var í notkun frá 1926 til 1942.



Mynd 15. Eins eyringur frá árinu 1939 sem fannst við yfirborðshreinsun á svæði B.



Mynd 14. Mögulegt gluggajárn/krækja sem fannst í jarðlagi [26322] á svæði A/C.

Leir

Átta leirkersbrot voru skráð á svæði A/C, flest úr hvítleir, nokkur voru glerjuð og skreytt. Merkasti fundurinn var brot af krítarpípuhaus, (2023-17-136), sem fannst í húsi [22] á svæði A/C. Hann gæti hafa dottið út úr sniðinu og því ekki hægt að tímasetja húsið út frá honum. Á hringlaga hæl pípuhána er mynstur eða merki sem virðist vera tvö eða þrjú laufblöð eða blóm, (Mynd 16). Því miður hefur ekki tekist að rekja stimpilinn til framleiðanda að svo stöddu. Alls voru skráð 38 leirkersbrot í fundaskrá og af þeim voru 30 á svæði B. Brotin voru af ýmsum gerðum og misstór. Leirkersbrotin voru bæði úr rauða- og hvítleir, með og án glerungs og sum eru skreytt (sjá t.d. Mynd 17 af glerjuðum rauðleir). Fjögur brot af krítarpípuleggjum fundust á svæði B og þar af eitt sem var munnstykki og var það með nokkurs konar mynstri, mögulegt hringmynstur eða

keðjumynstur sem fer utan um stykkið (2023-17-35). Mögulega er annað mynstur fyrir ofan hringmynstrið. Einnig fundust tvö brot af krítarpípuhausum en án nokkurra merkinga sem hægt væri að rekja til framleiðanda.



Mynd 17. Leirkersbrot úr rauðleir úr ílátum sem hafa verið glerjuð að innan, með mismiklum eldsummerkjum. Þau fundust í jarðlagi [25481] á svæði B.



Mynd 16. Merki á hæl krítarpípu (2023-17-136) af svæði A/C.

Gler

Alls voru skráð 25 fundanúmer undir efnisflokkinn *gler* í fundaskrá sem er töluvert minna en árið 2022 þegar þau voru 98 (Sólrún Inga Traustadóttir et al, 2022). Á svæði A/C voru 9 fundanúmer skráð en innan þeirra eru nokkur sem innihalda fleiri en eitt glerbrot. Nokkur þessara brota eru lituð græn eða brún, líklega flest af flöskum (Mynd 18). Á svæði B voru skráð 15 fundanúmer og var samsetningin svipuð og á A/C, líklega flest úr flöskum en líka nokkur rúðugler.



Í sumum tilvikum er hægt að greina botnbrot, belgbrot og barmbrot úr flöskum. Á einu botnbrotinu, (2023-17-45), er hægt að lesa bókstafinn *K* inni í einhverskonar mynstri sem fer umhverfis bókstafsins, líklega skjöldur, en brotið er lausafundur, (Mynd 19). Hægt er að rekja það til framleiðanda í Danmörku, Kastrup Glasværk. Fjallað er um framleiðslu flöskunnar í bók eftir Mogens Schluter, „Danske flasker: Fra Renæssancen til vore dage“, en erfitt er að fá aðgang að bókinni, því er hér vísað í danska vefsíðu *Flaskesamler*, en þar stendur að slíkar flöskur hafi verið í framleiðslu á árunum 1895-1900. Í sinni upprunalegu mynd standa stafirnir *KG* saman, en það

vantar *G* á brotið sem fannst í Árbæ (Flaskesamler, e.d.). Slík ölflaska með sama merki framleiðanda hefur fundist áður hér á landi í uppgrefti, t.d. á Hliði á Álftanesi, gripur nr. 2015-5-262 í Sarpi (<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1620095>). Þar sem flöskubrotið er lausafundur getur það ekki hjálpað með aldursgreiningu jarðlaga, en ljóst að Árbæingar hafa skálað í öli a.m.k. þangað til bjórbannið á Íslandi hófst 1915.



Mynd 19. Flöskur með áletruninni KG á botnum ásamt skjaldamerki umhverfis stafina. Sama gerð og flaskan sem fannst á svæði B (brotið fyrir miðri mynd). Mynd fengin af vefsíðunni: *Flaskesamler.dk*

Steinn

Steingripir voru ekki eins áberandi í ár miðað við fyrri uppgrafarmisseri, en skráð voru 13 fundanúmer undir efnisflokkinn. Á svæði A/C voru gripir úr steini skráðir undir sex fundanúmer; m.a. skaftkola og steinn með boruðu gati.

Skaftkolan, sem sjá má á Mynd 20, þykir þó merkilegur gripur og fannst í tveimur brotum innan byggingar [25] í móösku, [25973]. Kolur eru einföld gerð af lömpum, en þær eru einnig kallaðar



lýsiskolur. Skaftkolur, eins og nafnið gefur til kynna, voru með skafti og því auðveldara að halda á þeim milli herbergja. Kolur hafa líka verið gerðar úr málm, þó hafa þær elstu sem fundist hafa hér á landi verið úr steini (Guðmundur Ólafsson, 1987, bls 351-352). Skaftkolan sem fannst í Árbæ er úr mjúku, lagskiptu túffi, ljós blágræn að lit og að öllum líkindum úr Esjunni. Það er ekki að finna neina lýsilykt af henni og hún er af minni gerð og gæti hreinlega hafa verið fyrir barn, eða jafnvel leikfang. Móaskan sem kolan fannst í var á milli tveggja torfhrunslaga og líkist fremur ruslalagi en gólflagi og hefur lent þar þegar rusli hefur verið hent í bygginguna, mögulega eftir að hætt var að nýta hana. Annar áhugaverður gripur sem fannst á svæði A/C er ferhyrndur steingripur, með gati (2023-17-105) sem fannst í kolablönduðu lagi, [26508], við norðausturhorn byggingar

[25]. Kolalagið er frá miðöldum, eða a.m.k. eldra en frá árinu 1500 og lagðist það þétt upp við torf- og grjóttveggi byggingarinnar. Gripurinn, sem er mögulega úr brúnu túffi, er mjúkur og var þússaður að hluta á öllum hliðum, gatið er 4 mm og 9 mm. Hann er of mjúkur til að vera brýni, þó svo að hann hafi önnur ýmis einkenni sem gætu bent til þess. Eins og sést á mMynd 21 þá er eins og búið sé að slípa hann með víðara gati efst (9mm) en svo mjókkar það niður (4 mm) sem gæti bent til þess að hann hafi verið nýttur sem mót. Einnig gæti verið að þetta sé brotin perla.



Mynd 21. Unninn, mjúkur steinn með gati.

Aðrir steinar frá svæði A/C voru náttúrulegir; beinhvít holufylling, hverahrúður, brotaberg eða móberg og grátt dólérít. Sá síðastnefndi var þó þakinn svartri ösku og gæti hafa legið í eldstæði.

Á svæði B eru skráð sjö fundanúmer úr steini, m.a. brýnisbrot, tvö lóð og steinkol. Brýnisbrotin eru bæði innflutt en af ólíkri gerð, skráð undir sama númer (2023-17-48). Minna brotið er líklega af gerðinni mica schist, dökkgrátt að lit, þétt, með hörkuna >7, sennilega frá Noregi. Stærra brotið er úr fínum lagskiptum sandsteini, dökksilfurgrátt að lit með skærum silfurfitugljáa og molnar mjög fínt. Það er annaðhvort frá Evrópu eða Bandaríkjunum og er mjög ungt eða frá lokum 19. aldar eða byrjun 20. aldar.

Tvö lítil lóð eru úr blöðróttu dóléríti (2023-17-8 og 221) og eru mjög líklega úr nágrenninu. Þau gætu hafa verið kljástear en gætu einnig hafa þjónað einhverjum öðrum tilgangi. Göt eru á þeim fyrir þveng/snæri en í stærra lóði er brotið út úr gatinu, sem hefur hugsanlega gerst við notkun þess

(sjá Mynd 22). Aðrir steinar úr öskuhaugunum reyndust vera náttúrulegir, tveir úr kvarsí og hveraútfelling eða holufylling.



Mynd 22. Annað af tveimur lóðum sem fannst í jarðlagi [25481] í öskuhaugnum.

Dýrabein

Dýrabein eru næst stærsti efnisflokkurinn en alls voru skráð 43 fundanúmer. Stór hluti þeirra er skráður sem magnfundur, en bein sem finnast í sama jarðlagi eru skráð undir sama fundanúmer. Beinin eru úr hinum ýmsu dýrum, en húsdýr eru í meirihluta, það voru ýmist kjálkabein og tennur, hryggjarliðir og önnur algeng bein, bæði úr stórgripum og sauðfé. Skráð eru 35 fundanúmer á svæði B, en einungis átta fundanúmer á svæði A/C, flest dýratennur og brennd bein.



Mynd 24. Hluti úr kjálka og tennur úr stórgrip, fannst við yfirborðshreinsun á svæði B.



Mynd 23. Brennd dýrabein úr lagi [25481] í öskuhaugnum.

Gjall

Fimm afdellur fundust, ein á svæði A/C í byggingu [25] í torfhruni [26249] en fjórar í öskuhaugnum. Sú sem fannst á svæði A/C, (2023-17-169), er mun eldri en þær frá svæði B eða frá því fyrir 1500 en hinar eru sennilega frá 18. – 19. öld. Hún er frekar létt en segulmögnuð, með kúptan botn og ryðgað afmyndað yfirborð, um 10-11 cm í þvermál og 3 cm að þykkt. Engar greinilegar kolaafsteypur eru sjáanlegar og samkvæmt sérfræðiáliti má vegna þessa áætla að hún komi úr afli í smiðju. Leifar af smiðju hafa fundist á uppgraftarsvæðinu rétt sunnar við þar sem afdellan fannst og út frá nálægðinni og samhengi jarðlaga má leiða líkum af því að hún hafi borist þaðan.

Síðan rannsóknin hófst hafa 11 afdellur fundist, þar af átta í öskuhaugnum og því er ljóst er að járnvinnsla var stunduð á bænum á miðöldum og enn í seinni tíð á 18.-19. öld.

Allt annað gjall sem fannst árið 2023 er kísilríkt gjall- og/eða eldsneytishroði, greinileg ummerki eru um að moð sé notað í tengslum við eld, sem eldsneyti og/eða til að byrgja/fæða glóð um nætur. Mjög lítið járn er í hroðanum, líklega aðallega kísilríkur hroði úr smiðjuafli eða úr eldstæðum þar sem kísilríkur mór er brenndur.



Mynd 25. Afdella 2023-17-169 sem fannst í byggingu [25].

Lífrænir og samsettir gripir

Hér verður fjallað um lífræna og samsetta gripir. Samsettur gripur er þegar gripurinn er gerður úr fleiri en einum efnisflokk. Tvær leður reimar fundust, þar af ein með litlum koparpinum eða nöglum, tvö viðarbrot, bæði með leifum af koparfestingu og viðar skeið. Litlu viðarbrotin hafa líklega verið úr borðbúnaði. Í báðum brotunum er lítil koparfesting eða koparskraut. Skeiðin, (2023-17-142), fannst í góðu ástandi, en hún fannst í fyllingu á svæði B og er sennilega ekki mjög gömul (sjá Mynd 27).



Hnífur með skreyttu beinskafti fannst í öskuhaugnum (Mynd 26), en samskonar hnífur hefur áður fundist við rannsóknina og einnig í öðrum uppgröftum á Íslandi, s.s. Hofsstöðum í Garðabæ og á Gufuskálum á Snæfellsnesi.

Að lokum fannst hár í torfblönduðu lagi á svæði A/C, sem tilheyrir sennilegast byggingu [22] en ekki er greinilegt úr hvaða dýri það er, en að öllum líkindum af húsdýri.



Sýni

Alls voru skráð 21 sýni, þ.e. 16 gjall sýni, þrjú viðakolssýni, eitt gjóskusýni og eitt jarðvegssýni í þrjár fötur/poka. Samtals eru fimm pokar af gjalli frá svæði A/C, en 11 pokar frá svæði B. Viðarkol fundust á báðum svæðum, en það var tekið eitt sýni úr kolalagi [26508] á svæði A/C og tvö frá svæði B, úr jarðlagi [25481]. Gjóskusýni var tekið á svæði A/C, [25909], af gjósku sem er talin vera frá Kötlugosi 1500. Jarðvegssýni var tekið úr móösku [25973], í byggingu [25] en það var fleytt og tóku nemendur þátt í fleytingu.

Eyða í fundasafninu

Í síðustu áfangaskýrslum rannsóknarinnar hefur verið bent á að það virðist vanta eitt ákveðið tímabil í gripaflórana úr öskuhaugnum, en það eru gripir frá 18. öld. Sex krítarpípubrot fundust þó í ár og bætast við þau 11 sem hafa fundist á svæði B, brotin eru því nú 17 talsins. Bent hefur verið á þann möguleika að rusli verið hent annars staðar á 18. öld. Smiðjan sem reist var árið 1962-1963 á safnasvæðinu er byggð inn í öskuhauginn og raskar honum að hluta.

Þegar borkjarnar voru teknir við matjurtagarðinn árið 2022, sáust ummerki um öskuhaug og fannst meira að segja eitt krítarpípubrot í einum borkjarnanum. Niðurstöður borkjarnarannsóknar í matjurtagarðinum voru þær að sennilegast nær öskuhaugurinn á svæði B alla leið í garðinn. Ekki er hægt að útiloka að 18. aldar ruslið sé því þar.

Ef ritaðar heimildir eru skoðaðar er hægt að geta sér til um ýmsar ástæður að baki þessarar „tímabilseyðu“ í fundasafninu. Árið 1704 var bóndinn í Árbæ, Sæmundur, myrtur af öðrum ábúanda á bænum, Sigurði, en sagt var að Steinunn, kona bóndans, hafi eggjað Sigurð til verksins



